

13. stjórnarfundur EBAK 28. mars 2019.

Mættir: Haukur Halldórsson formaður, Halldór Gunnarsson varaformaður, Dóra Steinunn Jónasdóttir gjaldkeri, Margrét Pétursdóttir ritari, Hallgrímur Gíslason, Garðar Lárusson, Birgir Björn Svavarsson.

Fjarverandi: Egill Jónsson, Halldóra Hrönn Höskuldsdóttir og Kolbrún Kristjánsdóttir.

1. **Fundarsetning:** Haukur formaður setti fundinn og nefndi síðan að skoða þyrfti nýju afsláttarbókina. Það vantar talsvert af upplýsingum frá Akureyri. Garðar bauðst til að ljósrita bækling með þeim upplýsingum sem mætti þá dreifa með bókinni þar til önnur betri útgáfa kemur.
2. **Fundargerð** 12. stjórnarfundar EBAK frá 13. mars 2019, afgreiðslu frestað.
3. **Skráning í dagbók** í viðveru stjórnarmanna á skrifstofu yfirfarin og rædd.
20. mars var Egill. Einn hringdi út af árgjaldi en hann taldi sig hafa greitt of mikið. Annar óskaði eftir afsláttarbókinni og fékk ljósrit. Sá þriðji kom og gekk í félagið.
27. mars var Birgir. Þá komu þrír og gengu í félagið.
4. **Viðvera á skrifstofu** næstu miðvikudaga:
3. apríl: Haukur. Ákveðið að geyma til 3. apríl að ákveða frekari viðveru.
5. **Næsti stjórnarfundur EBAK:** Tillaga um miðvikudaginn 3. apríl nk. kl. 13. Samþykkt.
6. **Verkefni milli stjórnarfundar:**
 - a) Starfsmannamál í Bugðusíðu: Linda fór í 16 daga frí í mars. Tvær konur úr Bugðusíðunefndinni tóku að sér kaffisöluna síðdegis ásamt frágangi í eldhúsi og sal flesta þessa daga. Kona úr kaffinefndinni hjálpaði til tvo daga. Dóra og Margrét tóku þá daga sem vantaði. Það er greinilega mikilvægt að semja áætlun um hvernig bregðast eigi við veikindum og forföllum starfsmanna í Bugðusíðu.
 - b) Lagfæringar í Bugðusíðu: Loftræstikerfið og nýr router.
Slökkt hafði verið á kerfinu en nú er það komið í lag, búið að skipta um síur og allt annað loft í húsnæðinu.
Birgir ætlar að hafa samband við Hákon vegna húsnæðismála í Bugðusíðu. Ekkert formlegt skeð.
 - c) Endurskoðun starfslýsinga nefnda EBAK (sjá 8. lið).
 - d) Endurskoðun á kynningarglærum EBAK. Hallgrímur hefur unnið í þeim, breytt og lagað efnið. Athuga að setja þær á heimasíðuna og setja árgjaldið inn á síðuna með umsókn að félaginu. Svolítið hefur borið á að fólk finni ekki árgjaldið á heimasíðunni en Garðar og Hallgrímur ætla að skoða hvort breytt staðsetning væri til bóta.
 - e) Auglýsing aðalfundar nr. 2 og ársreikningur 2018 hefur verið lagður fram í félagsmiðstöðvunum og allt hengt upp.
7. **Endurskoðun starfslýsinga** nefnda EBAK hefur verið í höndum Hallgríms og Halldórs. Spurt hefur verið um umboð gömlu nefndarmanna eftir aðalfund. Þyrfti að koma fram í starfslýsingum. Grunnur sá sami nema 1. og 4. liður. Athuga þarf 6. lið um skráningu. Stjórnin samþykkti endurskoðaðar starfslýsingar.
8. **Skráning á aðsókn í Bugðusíðu 1.** Margrét gerði grein fyrir skráningunni og því að mánaðarleg aðsókn er 1000 – 1300 manns á dagvinnutíma. Það vantar fjölda þeirra sem hafa komið á opna fundi og viðburði síðdegis og á kvöldin. Þetta er því mjög vantalið. Haukur nefndi að ný stjórn þyrfti að ákveða hver héldi utan um skráninguna framvegis.

9. Undirbúningur aðalfundar EBAK 1. apríl 2019.

- a) Gátlisti vegna aðalfundar EBAK yfirfarinn og verkaskipting stjórnarmanna staðfest.
- b) Reikningarnir lagðir fram í Bugðusíðu og Víðilundi. Hefur verið gert (sjá lið 6 e).
- c) Drög að ársskýrslu EBAK 2018 – 2019 kynnt. Haukur fór yfir helstu atriði.
- d) Dagskrá aðalfundar yfirfarin og staðfest.
- e) Fjöldi nefnda, klúbba og ráða sem flytja skýrslur á aðalfundi. Alls 14 skýrslur auk skýrslu stjórnar. Tímamörk 3 – 5 mín.
- f) Veitingar og búið tala við kaffinefnd. Grétar sér um hljóðkerfið.
- g) Hákon hefur lofað að vera fundarstjóri.
- h) Birgir sér um að taka móti boðsgestum.
- i) Prentun fundargagna og dreifildi. Garðar og Hallgrímur sjá um það.
- j) Nafnalisti yfir þá sem hætta störfum á aðalfundinum. 25 rósir fyrir þá sem hætta í stjórn og nefndum.
- k) Tillaga um að þau Halldór Gunnarsson, Sigríður Stefánsdóttir og Valgerður Jónsdóttir, kosnir fulltrúar í öldungarráð Akureyrar á aðalfundi EBAK 2018, eru öll tilbúin að sitja áfram í ráðinu og verði fulltrúar félagsins út kjörtímabilið. Jón Aðalsteinn Hermannsson, sem kosinn var varafulltrúi 2018, býr nú erlendis og hefur af þeirri ástæðu óskað eftir að hætta í öldungaráði.

Varafulltrúar EBAK í öldungaráði Akureyrarbæjar verði í þessari röð; Hallgrímur Gíslason, Hrefna Hjálmarsdóttir og Hjörleifur Hallgríms Herbertsson.

10. Ályktun stjórnar um forvarnir og heilsueflingu lögð fram á aðalfundi.

Ályktun aðalfundar EBAK 2019.

Á aðalfundi Félags eldri borgara á Akureyri sem haldinn var 1. apríl 2019 lagði stjórn félagsins fram eftirfarandi tillögu:

Í velferðarstefnu Akureyrarbæjar segir m.a. að eitt af markmiðum bæjarins sé að leggja **sérstaka** áherslu á hreyfingu og almenna heilsueflingu eldri borgara. Aðalfundur EBAK telur mikilvægt að Akureyrarbær í samstarfi við félagið fylgi þessari stefnumörkun eftir með markvissum hætti. Það verði best gert með því að fela öldungaráði Akureyrarbæjar að hafa forgöngu um stofnun starfshóps til að undirbúa aðgerðaáætlun til næstu þriggja ára, sem feli í sér aukna almenna heilsueflingu og hreyfingu eldri borgara í bæjarfélaginu. Verkefnið verði unnið í samráði og samstarfi við öldungaráð og Félag eldri borgara á Akureyri.

11. Önnur mál.

Halldór þakkaði fyrir samveruna og samvinnuna í stjórninni. Haukur þakkaði Halldóri sérstaklega fyrir að hafa verið styrkur bakhjarl í starfinu þar sem Hauki voru falin mikilvæg störf fyrir LEB á Reykjavíkursvæðinu.

Margrét Pétursdóttir